

13. fundur Sögunefndar Keflavíkur 1949-1994, haldinn 10. nóvember 2021

Fundurinn var netfundur á Google-meet. Mættir voru: Árni Jóhannsson, Stefán Jónsson, Ragnhildur Árnadóttir og Kristinn Jakobsson sem ritaði fundargerð. Erla Guðmundsdóttir boðaði forföll. Þá mætti Árni Daníel Júlíusson rithöfundur og Eiríkur Páll Jörundsson verkefnastjóri og rithöfundur.

Fundur var settur kl. 17:15

Framvinda ritunar: Árni Daníel fór yfir það sem út af stendur í ritun sögunnar og taldi að hann næði að skila öllum texta inn mánaðarmótin nóv/des

Útgerðarhlutinn er tilbúinn og Varnarliðskaflinn einnig. Kaflann Innviðir á eftir að stytta nokkuð. Árni er að ljúka við ritun kaflanna um menningu; félagsskapur, tónlist og listir.

Vinna við tengingu texta og ljósmynda á þeim köflum sem lokið er við, hefst fljótlega í samstarfi Eiríks Páls og Huldu Þorkelsdóttur.

Umbrot og Prentun bókar: Eiríkur Páll sem hefur tekið að sér að annast umbrot og frágang á bók lýsti því hvernig það gengur fyrir sig og gaf fundarmönnum dæmi af umbroti texta bókarinnar. Bókin verður í sama broti og fyrri bækur í sögu Keflavíkur.

Eiríkur Páll kynni áhuga útgáfufyrirtækisins Bjartur Veröld á að gera útgáfusamning vegna útgáfu bókarinnar. Nefndarmenn voru sammála um að fá tilboð frá útgáfufyrirtækinu til að geta tekið afstöðu.

Efni bókarinnar verður tilbúið í byrjun desember og efnið með myndum tilbúið til umbrots í byrjun febrúar. Bókin verður tilbúin til umbrots í febrúar. Reikna má með prentaðri bókinni til landsins í mars/apríl 2022. En blikur eru á lofti hvað varðar prentun þar sem víða er skortur á pappír og flutningar innan Evrópu hafa tafist verulega vegna covid19. Vegna þessa gæti útgáfa tafist eitthvað.

Nefndarmenn töldu mikilvægt vegna þessa að hefjast handa nú þegar við undirbúningsvinnu vegna umbrots á því efni sem tilbúið er, þ.e. tengingu ljósmynda við texta.

Söguvefur. Útlit og hýsing. Vefurinn verður unninn jafnhliða umbroti bókarinnar.

Fjármál. Kristinn ræddi og kynnti fjármál og kostnaðaráætlun fyrir útgáfu bókarinnar. Kristinn mun senda bæjarráði erindi um að þær fjárheimildir sem ekki verða nýttar á árinu 2021 fáiast fluttar yfir á árið 2022.

Upphafleg fjárhagsáætlun hljóðaði upp á 54.850.000 kr..

Önnur mál

Engin

Fundi slitið kl. 18:20.